

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 1. desember 2022 í máli nr. 16/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 13. febrúar 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um þjónustu Y, hér eftir vísað til sem varnaraðila, í tengslum við uppsetningu á eldhúsinnréttingu.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili standi við einingaverð í tilboði og að verkið verði gert upp miðað við stöðu þess þegar varnaraðili rifti samningnum og gekk frá verkinu hálfkláruðu. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubrési, dags. 21. febrúar 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 7. mars 2022. Sóknaraðili gerði athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 13. mars 2022. Varnaraðili gerði frekari athugasemdir þann 17. ágúst 2022.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, samskipti aðila, tilboð, reikningar, staðfesting á greiðslu inná verkið, yfirlit yfir stöðu verkþátta, ljósmyndir og teikningar.

Með bréfi, dags. 30 nóvember 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun kemur fram að ágreiningurinn snúist um þjónustu sem felist í uppsetningu á eldhúsinnréttingu frá ítalska fyrirtækinu [...]. Sóknaraðili hafi keypt eldhúsinnréttingu af fyrirtækinu [...]. Seljandi eldhúsinnréttingarinnar hafi mælt með varnaraðila til að setja upp innréttinguna þar sem hann hefði reynt í uppsetningarvinnu á þessari tegund innréttinga. Sóknaraðili hafi því talið sig mega ganga út frá því að varnaraðili þekkti vel til verksins sem í vændum hafi verið. Þegar uppsetning innréttingarinnar hafi verið hafin hafi sóknaraðili hins vegar komist að því að varnaraðili hefði aldrei sett upp eldhúsinnréttingu frá þessum framleiðenda heldur einungis fataskápa.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa komið í vettvangsheimsókn haustið 2021 með seljanda innréttingarinnar. Þar hafi aðstaðan verið skoðuð og farið sérstaklega yfir að þykkja þyrfti vegg um 12 cm á um 2ja metra kafla til að skapa bakstuðning fyrir innréttinguna á umræddum kafla. Þessi liður hafi þó ekki verið inni í tilboðinu að mati varnaraðila og því unninn sem aukaverk.

Sóknaraðili tekur fram að allir skápar í innréttingunni komi full samsettir frá framleiðenda með skúffum og framhliðum uppsettum, fyrir utan að smella þurfi fótum neðan á gólfskápa og hurðum á fjóra háa skápa og eina umgangshurð. Síðan þurfi að bora fyrir hillufestingum fyrir alls 4 hillur í veggskápum. Þá þurfi í lokin að smella á töppum og hlífum til að fela skrufugöt og lamir inni í skápum.

Vinnan við uppsetningu innréttingar felist í stórum dráttum í að stilla skápum upp og festa saman í beina línu upp við vegg eða frístandandi við eyju auk þess að ganga frá frágangslistum. Þá þurfi að stilla hurðir og skúffuframhliðar þannig að þær séu allar í beinum línunum bæði lárétt og lóðrétt og jafnt bil alls staðar á milli hurða og skúffuframhliða. Inni í verkinu hafi einnig verið vinna við að festa borðplötur og setja upp veggpanel. Allir ofangreindir verkliðir komi fram í tilboði varnaraðila.

Sóknaraðili kveður samning hafa verið gerðan um þjónustuna með rafrænu samþykki á sundurliðað tilboð frá seljanda. Tilboðsupphæð hafi verið samtals 778.059 kr. með VSK.

Sóknaraðili kveður vinnu samkvæmt tilboðinu hafa hafist miðvikudaginn 19. janúar 2022 og unnið hafi verið að verkinu á stopulan hátt fram til föstudagsins 4. febrúar 2022. Starfsmenn varnaraðila hafi svo næst komið þriðjudaginn 8. febrúar 2022. Sóknaraðili gerði athugasemd við varnaraðila varðandi uppsetningu varnaraðilans á veggpanel sem væri ekki í samræmi við óskir sóknaraðila sem hann hefði komið skýrt á framfæri með teikningu áður en uppsetning á veggpanelnum hafi hafist. Sóknaraðili hafi enn fremur áður komið því á framfæri við varnaraðila að öll álitaefni varðandi útfærslur skyldi bera undir hann áður en framkvæmt væri. Varnaraðili hafi þvertekið fyrir að lagfæra umrædda uppsetningu jafnvel þó sóknaraðili hafi nefnt að skipta mætti kostnaði við það verk. Sóknaraðili hafi tekið fram að verkið hefði tekið miklu lengri tíma en hann hefði gert ráð fyrir. Þegar hann hafi nefnt að það væri sennilega vegna þess að unnið hefði verið mjög stopult í verkinu þá hafi varnaraðili gengið á dyr og sagt sig frá verkinu. Þá hafi verið búið að klára innan við helming af verkliðunum í tilboðinu. Varnaraðili hafi tekið fram að hann myndi láta Trésmiðafélagið meta vinnuna sem unnin hafði verið og reikningsfæra í samræmi við það. Sóknaraðili kveðst hafa kvatt með þeim orðum að hann óskaði eftir að ræða ágreininginn og leitast við að leysa málið í sátt. Því hafi ekki verið svarað.

Sóknaraðili hafi sent varnaraðila tölvupóst þann 9. febrúar 2022 og óskað eftir að fá staðfestingu á að seljandi segði sig frá verkinu og tekið fram að hann myndi gera strax upp við varnaraðila þegar niðurstaða lægi fyrir um hve mikið væri búið að vinna af einstaka tilboðsliðum. Sóknaraðili tiltekur að hann hafi greitt 250.000 kr. inn á verkið þann 21. janúar 2022 en krafa um það hafi komið í heimabanka hans þann sama dag. Enginn reikningur eða kvittun hafi borist sóknaraðila vegna þessarar innágreiðslu. Ekkert svar hafi komið við tölvupósti varnaraðila en sama dag hafi birst í heimabanka sóknaraðila krafa frá varnaraðila án útskýringa eða reiknings upp á kr. 1.140.390 með eindaga einnig þann sama dag. Varnaraðili hafi ekki látið gera úttekt á stöðu verksins áður en krafan var send eins og hann hefði haft orð á þegar vinnu við verkið hafi verið hætt. Þessi krafa að viðbætti innágreiðslu upp á 250.000 sem varnaraðili hafði þegar innt af hendi væri næstum tvöfalt hærri en samningur aðila kveði á um fyrir allt verkið sem hafi verið tæplega hálfnað.

Sóknaraðili telur sig að öllu leyti hafa staðið við sinn hluta samningsins. Greitt hafi verið inn á verkið strax í upphafi án þess að slíkt hafi verið áskilið í tilboði.

Sú fjárhæð nemi 39,8% af tilboðsupphæð án VSK. Varnaraðili hafi sagt sig frá verkinu fyrirvaralaust frá verkinu eftir að sóknaraðili hafi bent honum á að einn verkþáttur væri ekki unnin samkvæmt skýrum fyrirætlunum sínum og hafnað alfarið að vinna þennan verkþátt samkvæmt ósk sóknaraðila.

Sóknaraðili sitji upp með tjón vegna vanefnda varnaraðila vegna tafa á verki um að minnsta kosti einn mánuð, auka vinnu við að setja nýjan aðila inn í verkið og laga verkþætti sem sannanlega hafi verið unnir á rangan hátt af hálfu varnaraðila og vinnu og kostnað við kærufæri, útbúa greiningu á stöðu verksins og uppgjöri.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili gerir þá kröfu að varnaraðili standi við einingarverð í tilboði og að verkið verði gert upp miðað við stöðu þess þegar varnaraðili rifti samningnum og gekk frá verkinu hálfkláruðu. Sóknaraðili vísar til úttektar á stöðu tilboðsverksins sem hann tók saman með skýringum á stöðu hvers verkþáttar.

Sóknaraðili kveður kröfur sínar lúta annars vegar að uppgjöri á tilboðsverki og hins vegar að greiðslu fyrir aukaverk sem samþykkt hafi verið en afhent á ófullnægjandi hátt. Endurvinna hafi þurft verkið að talsverðu leyti á kostnað sóknaraðila. Auk þess sem gallar hafi verið á aukaverkinu sem kalli á aukavinnu við uppsetninguna á innréttingunni sem óunnin sé.

Meginkrafan sé einfaldlega að tilboðsverkið verði gert upp miðað við stöðuna á verkinu þegar varnaraðili hafi gengið frá verkinu. Sóknaraðili vísar um stöðuna til yfirlits sem hann leggur fram. Sóknaraðili kveður að ef litið sé fram hjá þeim eina verklið sem ágreiningur sé um, (Liður „4010 - Uppsetning Aritel panill“ í tilboði) sem sóknaraðili fari fram á að verði unninn upp á nýtt þá, sé lokið um 33% af tilboðinu samkvæmt framangreindu stöðuyfirliti eða sem nemi vinnu fyrir 245.929 kr. með VSK (198.329 kr. án VSK). Sóknaraðili nefnir að hann hafi þegar greitt 250.000 kr. inn á verkið sem hann hafi enn ekki fengið reikning eða kvittun fyrir.

Sóknaraðili kveður aukaverkið snúast um að þykkja vegg á um tveggja metra kafla um 12 cm, samtals um 3,9 fermetrar. Þykkingin hafi verið gerð úr blikkstoðum klæddum með spónaplötu og gifsplötu. Tilgangur hennar hafi verið að láta vegg á bak við 4 gólfskápa og gönguhurð vera í beinni línu og þannig skapa bakstuðning fyrir gönguhurð (útfærð sem gólfskápur) og tvo af fjórum gólfskápum. Ekki hafi þurft að þykkja vegg á bak við hina tvo af þessum fjórum gólfskápum.

Varnaraðili hafi boðist til að senda skriflegt tilboð í aukaverkið á því verði sem aðilar voru ásáttir um en ekki gert. Munnlega tilboðið hafi numið 200.000 kr. með VSK og þar af 70.000 kr. fyrir efni og 130.000 kr. fyrir uppsetningu. Sóknaraðili fer fram á að þetta aukaverk verði gert upp með hliðsjón af göllum sem feli í sér aukavinnu og efniskostnað. Eftirfarandi gallar séu á aukaverkinu:

- Styttu þurfi veggþykkingu hægra megin um 2 cm til að hægt sé að koma fyrir hliðarklæðningu á gólfskáp lengst til hægri sem þurfi að leggjast upp að veggpanel. Ekki sé ágreiningur um að þetta þurfi að laga. Í þessu sambandi beri að nefna að búið hafi verið að benda áður á að umrædd veggþykking næði of langt til hægri en þá hafi varnaraðili borið því við að teikning frá seljanda innréttingar (sem hann sé í samvinnu við) væri röng. Varnaraðili hafi ekki haft fyrir að bera saman mál skápa og veggpanels sem framleiðandi hafi afhent við raunveruleg mál í rýminu. Varnaraðili hafi sótt bætur til seljanda innréttingar vegna þessa en ekki hafi viljað betur til en svo að eftir lagfæringu hafi veggurinn enn staðið 2 cm of langt til hægri.

Sóknaraðili sitji nú uppi með að þurfa að stytta vegginn með því að rífa niður veggstoð og klæðningu og endurvinnna. Til að geta gert þetta þurfi fyrst að taka niður 2 einingar af 6 af veggpanel sem búið hafi verið að setja upp. Reikna þurfi með einhverjum klukkustundum í vinnu við að laga þetta.

- Veggþykking sé á bilinu 11,0 til 11,5 cm í stað þess að vera 12 cm eins og hún eigi að vera. Þá sé veggþykkingin misþykk þegar horft sé eftir láréttum ás. Veggurinn halli líka talsvert eftir lóðréttum ási. Allt þetta valdi því að skáparnir geti ekki lagst upp að veggnum eftir endilöngu og fengið stuðning af honum heldur þurfi að setja misþykka kubba á milli skápa og veggs á mörgum stöðum. Við þetta verði gæði stuðningsins sem skáparnir fá af veggnum mun verri auk þess sem sóknaraðili sitji uppi með aukavinnuna sem af þessu hljótist.

- Veggur sé um 5 cm of stuttur vinstra megin sem valdi því að plata sem haldi uppi gönguhurð hafi engan bakstuðning. Ekki sé ágreiningur um þetta. Sterkur bakstuðningur við þessa plötu hafi verið einn meginrökstuðningur varnaraðila fyrir þessu aukaverki sem mátt hefði vinna á mun einfaldari hátt með því að setja t.d. gegnheilar stoðir á 3 stöðum á bak við skápana. Sóknaraðili sitji uppi með að þurfa að setja aukalega stoð utan á veggþykkinguna sem komin sé með tilheyrandi kostnaði auk útlitsgalla sem það hafi í för með sér.

Krafa sóknaraðila sé að aukaverkið verði gert upp með hliðsjón af ofangreindum göllum. Sóknaraðili áætli eftirfarandi uppgjörsupphæð fyrir þetta aukaverk til að lagfæra galla:

- Efnisverð: 41.612 kr. Um sé að ræða uppgefinn efniskostnað varnaraðila (70.000 kr.) að frádregnum efniskostnaði sóknaraðila (28.388 kr.) til að lagfæra ágalla.

- Vinnuliður: 71.836 kr. Um sé að ræða uppgefinn vinnukostnað varnaraðila (130.000 kr.) að frádregnum vinnukostnaði kaupenda samtals 6 klst. til að lagfæra ágalla (kr. 6 x 9.694 kr. = 58.164 kr. með VSK skv. uppgefnum einingarverðum varnaraðila í tilboði)

- Samtals 113.448 kr. með VSK.

Sóknaraðili tiltekur að ekki sé tekið tillit til tjóns sóknaraðila vegna útlitsgalla og verri stuðnings sem þessi veggþykking veiti miðað við það sem lagt hafi verið upp með.

Sóknaraðili kveður kröfur sínar vera að verkið í heild verði gert upp með greiðslu upp á 359.377 kr. með VSK, þ.e. 245.929 kr. með VSK fyrir það sem búið sé að vinna í tilboðsverkið og 113.448 kr. fyrir aukaverk. Samtals 359.377 kr. með VSK eða 289.820 kr. án VSK. Varnaraðili hafi þegar greitt 250.000 kr. upp í þennan kostnað. Sóknaraðila þætti líka eðlilegt að honum yrðu ákvarðaðar eðlilegar skaðabætur vegna þess tjóns sem hann hefur orðið fyrir vegna vanefnda varnaraðila.

Kaupandi leggi einnig áherslu á að fá viðurkennda stöðu verksins þegar varnaraðili hafi gengið frá því svo að sóknaraðili geti klárað uppsetningu innréttingarinnar án þess að það verði til að spilla sönnunargögnum um stöðu verksins.

3.2. Sjóarmið varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess að í tilboði sé ekki kveðið á um verk er lúti að því að þykkja vegg, enda sé um aukaverk að ræða og því rúkað fyrir verkið sem slíkt. Þá sé verkið unnið í samræmi við teikningar arkitekts og í samræmi við óskir kaupanda. Varnaraðili hafi keypt vinnu af undirverktökum, [...] hafi engar athugasemdir gert við þann gífsvegg sem hafi verið settur upp.

Tilboð varnaraðila hafi miðast við að allar innréttingar komi full samsett frá framleiðanda og hafi ekki tekið mið af sérsmíði á verkstað. Þessar tilteknu innréttingar hafi verið frábrugðnar hefðbundnum innréttingum á þann hátt að ekki hafi verið gert ráð fyrir veggfestingum enda hanni framleiðandinn ekki innréttingar í samræmi við íslenska staðla og reglugerðir. Varnaraðili hafi því þurft að vera í miklum samskiptum við framleiðanda og innflytjanda innréttinganna, og teljist slík samskipti til aukaverka. Innflytjandi hafi komist að þeirri niðurstöðu að með því að setja vinkla á innréttinguna þar sem ekki hafi verið gert ráð fyrir veggfestingum. Slíkt teljist til aukaverka þar sem ekki hafi verið fyrirhugaðar festingar á skápunum eins og vant er. Sökkulfætur hafi þurft að setja sérstaklega á skápana. Þrátt fyrir upplýsingar um að þær kæmu full samsettar, þ.m.t. með fótum. Skrúfa hafi þurft lamir á festingar hurðanna. Slík teljist aukaverk. Þá hafi veggskáparnir ekki komið forboraðir að beiðni sóknaraðila. Það að skrúfa göt í skápa teljist einnig til aukaverka.

Frontar og hurðar hafi verið stilltar af við uppsetningu. Borðplötur og hliðar á eyju hafi verið límdar niður og fest. Eldhúseyjan staðsett hornrétt á innréttingu eins og sjá megi á myndum. Þá hafi sóknaraðili fengið nákvæmar leiðbeiningar um að það mætti ekki snerta eyjuna þegar hún hafi verið límd föst. Varnaraðili viti ekki hvort að farið hafi verið að því.

Þá hafi mikil aukavinna farið í að breyta skáp. Þær hafi m.a. falist í að færa CNC borðaðar festingar ýmist fyrir hurð og hins vegar spjaldlok þar á.

Varnaraðili vísar til vinnuskýrslu og kveður hana taka af allan vafa um stopula vinnuháttsemi. Sóknaraðila hafi verið tilkynnt um fjarveru starfsmanna vegna covid sýkingar á sínum tíma. Um hafi verið að ræða ófyrirséða fjarveru enda á tímum heimsfaraldurs. Í framhaldi þess hafi verkið verið unnið hratt og vel.

Varnaraðili kveður veggpanel hafa verið settan upp eftir teikningum og fyrirliggjandi gögnum arkitekts. Sóknaraðili hafi neitað að greiða fyrir aukakostnað við niðurtekt og endurgerðar á panelnum. Sóknaraðili hafi viljað fara í breytingar sem ekki hafi verið í samræmi við teikningar arkitekts og óskrifaðar reglur um sjónlínur á panel. Panelnum hafi verið breytt í samræmi við óskir sóknaraðila að hluta til. Breytingarnar hafi falið í sér staðsetningu hillna og að leiðari hafi verið stytur.

Varnaraðili kveður vinnu við verkið hafa tekið talsvert lengri tíma vegna ágangs sóknaraðila varðandi breytingar á ýmsum atriðum og vísar hann til tímaskýrslu þar um. Varnaraðili hafnar alfarið ásökunum um reynsluleysi enda hafi hann áratuga reynslu á þessu sviði. Þetta sé í fyrsta skipti sem kvartað hafi verið undan verkum varnaraðila sem hafi fengið frábær meðmæli bæði frá verkkaupum og arkitektum. Varnaraðili hafi í þessu tilviki þurft að vinna undir óviðeigandi hegðun sóknaraðila. Sóknaraðili hafi tjáð starfsmönnum varnaraðila að hann væri yfir þá hafinn og gefið til kynna gífurlegt vantraust á öll þau verk sem varnaraðili hafi unnið. Starfsfólk varnaraðila hafi ekki til lengdar getað unnið undir þessu.

Varnaraðili kveður verkið nánast fullklárað eins og myndir sýni. Einungis eigi eftir að setja upp tvo skápa og setja hurð á milli þeirra. Sóknaraðili hafi aldrei verið tilbúinn að leysa málið í sátt þrátt fyrir tilraunir varnaraðila til þess að fá að klára verkið í samræmi við teikningar arkitekts sem sóknaraðili hafði samþykkt.

Tilboð varnaraðila hafi verið í samræmi við teikningar arkitekts og eingöngu snúið að uppsetningu á tilbúnum einingum en ekki breytingum og samsetningu á ýmsum smáhlutum. Tilboðið hafi miðast við uppsett einingaverð og verið án aukaverkanna sem síðar hafi komið til. Arkitektinn hafi komið á verkstað og ekki gert neinar athugasemdir. Fari verkkaupi ítrekað fram á breytingar sem ekki séu í samræmi við teikningar arkitekts þá sé ljóst að ekki sé verið að vinna skv. upprunalegu tilboði enda forsendur orðnar allt aðrar. Þá beri gögn málsins með sér að verkið hafi verið fagmannlega og vel unnið, sbr. yfirlýsingar málarameistara og arkitekts sem að verkinu hafi komið.

Varnaraðili kveðst hafna útreikningum sóknaraðila vegna gífsveggjar enda virðist sóknaraðili ekki hafa tekið tillit til málningarvinnu við vegginn. Varnaraðili hafnar einnig útreikningum kaupanda á uppgjörsgreiðslu. Verkið hafi verið unnið í samræmi við tilboð. Þar hafi komið skýrt fram að tilboðið tæki aðeins til uppsetningar á einingum sem komi tilbúnar frá framleiðanda.

Varnaraðili gerir kröfu vegna hagnaðarmissis af verkinu, vinnu við greinargerð ásamt kostnaði lögmannna og dráttarvaxta. Telji sóknaraðili uppgjör varnaraðila ekki rétt eigi hann kost á að kaupa sér aukalega þjónustu óháðra matsmanna, s.s. verkfræðistofu sem geti tekið verkið út. Hafi sóknaraðili hins vegar gengið inn í verkið gerir varnaraðili ríkar kröfur skv. ÍST 30 um að sóknaraðili greiði heildarupphæð tilboðsins og fyrir aukaverk skv. ÍST 30.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Sóknaraðili kveðst miðað við kröfur varnaraðila standa frammi fyrir gölluðu og minna en hálfkláruðu verki sem muni kosta um tvöfalt meira en sem nemi tilboðsupphæðinni að viðbætti upphæð fyrir samþykkt aukaverk, án þess að nokkrar forsendur hafi breyst frá því að tilboðið var gert. Þá sé ótalinn kostnaður sóknaraðila við að setja nýjan aðila inn í verkið til að klára það, kostnaður vegna kærufertlis og vegna tafa á að fá verkið afhent. Sóknaraðili líti á þetta sem skýlaus brot á lögum um þjónustukaup og neytendasamninga.

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa hrakið það sem fram komu í kvörtun um stöðu verksins með rökum eða gögnum. Varnaraðili tíundi einungis nokkra þætti sem hann telji vera aukaverk. Varnaraðili fullyrði að fjölmörgum verkþáttum sem sannanlega sé ekki byrjað á sé lokið eða þeir langt komnir og þar vísað í myndir sem ekki fylgi með andsvarinu en myndir sóknaraðila sýni fram á hið gagnstæða. Eftirfarandi séu þeir liðir sem sóknaraðili telji vera ókláraða í tilboðsverkinu og um þá segir í athugasemdum sóknaraðila:

- **„Eftir að festa hliðar á eyju, sjá Fylgiskjal C1.1.** Verksali segir í andsvari sínu í kafla II: „Borðplötur og hliðar á eyju voru límdar niður og fest eins og sjá má af myndum verktaka“. Þetta er einfaldlega rangt eins og sjá má á Fylgiskjali C1.1 og auðvelt er að sannreyna þetta á staðnum. Þessar hliðar eru alveg lausar og bara tilltar við eyjuna með límböndum.
- **Eftir að stilla hurðir þannig að þær séu í línu og jafnt bil á milli þeirra, sjá Fylgiskjöl C1.2 og C1.4.** Verksali segir í andsvari sínu í kafla II: „Frontar og

hurðir voru stilltar af við uppsetningu“. Þetta er einfaldlega rangt eins og sjá má á Fylgiskjölum C1.2 og C1.4 og auðvelt er að sannreyna þetta á staðnum. Það er ekki einu sinni byrjað á þessum verkþætti. Þessar myndir sýna 2 dæmi en þetta gildir um allar hurðir og skúffur. Alls er um að ræða 29 skúffuframhliðar og hurðir sem þarf að stilla.

- **Eftir að rétta af eyju um 1 cm svo að hún verði í jafnri fjarlægð frá innréttingu, sjá Fylgiskjal C1.3.** Verksali segir í andsvari sínu í kafla II: „Eldhúseyjan var staðsett hornrétt á innréttingu eins og sjá má á myndum“. Þetta er einfaldlega rangt eins og sjá má á Fylgiskjali C1.3 og eins er auðvelt er að sannreyna þetta á staðnum. Verksali leggur ekki fram neina aðra mynd en skekkjan er augljós af Fylgiskjali C1.3 (viðmið við flísafúgur) og ef mælt er frá innréttingarskápum kemur fram að það munar 1 cm á fjarlægð endanna á eyjunni frá innréttingunni.
- **Eftir að setja upp framhlið á skáp, sjá Fylgiskjal C1.5.** Þessu er ekki andmælt í andsvari.
- **Eftir að setja upp tvo gólfskápa og gönguhurð, sjá Fylgiskjal C1.6.** Þessu er ekki andmælt í andsvari og staðfest af verksala í kafla V í andsvari.
- **Eftir að bora fyrir hillum og setja upp, sjá Fylgiskjal C2.1.** Þessu er ekki andmælt af verksala en hann vill telja þetta aukaverk. Því er verkkaupi ekki sammála sbr umfjöllum í kafla um aukaverk hér á eftir. Verkkaupi dró þó einungis kr. 4.640 með VSK frá tilboðsupphæð í mati sínu á þessum verkþætti í viðauka C þannig að ekki er þarna um stórt ágreingingsmál að ræða.
- **Vinna ekki hafin við að festa niður borðplötu 60x439 cm, sjá mynd C3.1.** Verksali segir í andsvari sínu í kafla II: „Borðplötur og hliðar á eyju voru límdar niður og fest eins og sjá má af myndum verktaka“. Þetta er einfaldlega rangt eins og sjá má á Fylgiskjal C3.1 og auðvelt er að sannreyna þetta á staðnum. Þessi borðplata er alveg laus eins og sést á Fylgiskjal C3.1. Verksali hefur ekkert gert við hana nema tekið hana úr umbúðunum og lagt ofan á skápana.
- **Vinna ekki hafin við að festa niður borðplötu 120x240 cm, sjá Fylgiskjal C3.2.** Verksali segir í andsvari sínu í kafla II: „Borðplötur og hliðar á eyju voru límdar niður og fest eins og sjá má af myndum verktaka“. Þetta er einfaldlega rangt eins og sjá má á Fylgiskjal C3.2 og auðvelt er að sannreyna þetta á staðnum. Þessi borðplata er alveg laus eins og sést á Fylgiskjal C3.2. Verksali hefur ekkert gert við hana nema tekið hana úr umbúðunum og lagt ofan á skápana.
- **Staða á uppsetningu á veggpanel sjá Fylgiskjöl C4.1, C4.2 og C4.3.** Verkkaupi óskaði eftir áður en uppsetning hófst að þessi veggpanell myndi byrja í 12,5 mm fjarlægð frá gólf og enda í 12,5 mm fjarlægð frá lofti í stað þess að byrja alveg niður við gólf og enda í 25 mm fjarlægð frá lofti eins og fram kom á teikningu. Verkkaupi lagði fram rissteikningu til að skýra þetta, sjá Fylgiskjal C4.1. Verksalinn tók við rissteikningunni og gaf ekkert frekar út á fyrirmælin. Engan veginn var hægt að ætla annað en að hann myndi fara eftir þeim. Daginn eftir þegar uppsetning á þessum panel var rúmlega hálfnuð kom í ljós að panellinn var látinn byrja við gólf þvert á fyrirmælin og endaði um 25 mm frá lofti. Um þetta segir í andsvari verkkaupa (kafla IV): „*Verkkaupi vildi fara í breytingar sem voru ekki í samræmi við teikningar arkitekts og*

óskrifaðra reglna um sjónlínur á panel. Panelnum var breytt í samræmi við óskir verkkaupa að hluta til. Breytingarnar fólu í sér staðsetningu hillna og var leiðari stytur“. Þarna er staðfest að verksali tók við fyrirmælum verkkaupa og einfaldlega ákvað að hunsu þau án þess að láta verkkaupa vita. Þarna var þó bara um að ræða smekksatriði fyrir verkkaupa, en á milli allra þessara 6 veggpanela eru 12 mm raufar fyrir hillur sem koma út dökkgráar. Verkkaupa fannst mun fallegra að hafa svipaðar raufar við gólf og loft (12,5 mm hvoru megin) og mynda þannig samhverfu í útliti í stað þess að hafa 25 mm breiða rauf efst sem yrði helmingi breiðari en allar hinar raufarnar og svo enga rauf neðst. Þarna taldi hinsvegar smiðurinn það sitt hlutverk að leyfa ekki verkkaupa að ráða þessu og aukinheldur lét hann ekki vita af þeirri ákvörðun sinni og tók ákvörðun í samráði við seljandi innréttingarinnar sem ekkert hlutverk hafði í þessu verki um að ganga gegn fyrirmælum verkkaupa. Verkkaupi var líka áður búinn að nefna við verksala að taka bara við fyrirmælum um verkið frá verkkaupa en engum öðrum, sjá nánar um þetta í kafla 6.2. Verkkaupi hafnar því að greiða fyrir þessa vinnu sem búíð var að inna af hendu við panelinn (rétt um helmingur af þeim verkþætti). Í því sambandi ber einnig að nefna að hvort eð er þarf að taka niður þennan panel að mestu leiti og setja hann upp á nýtt vegna þess að fjarlægja þarf vegna mistaka verksala stoð á veggþykkingu sem liggur alveg við panelinn. Þessi mistök eru skýrð í kæru (vísað í Fylgiskjal D1) og einnig nánar í kafla 3 og kafla 6.1 hér að neðan.

- **Eftir að ganga frá öllum frágangi inni í skápum, sjá Fylgiskjal C5.1.** Þessu er ekki andmælt í andsvari.
- **Ekki er hafin uppsetning á áfellum, sjá Fylgiskjöl C6.1 og C6.2.** Þessu er ekki andmælt í andsvari.“

Sóknaraðili kveður augljóst að eftirfarandi verkliðir séu ýmist óhafnir eða ekki kláraðir fyrir utan tvo skápa og hurð sem varnaraðili viðurkenni að sé óklárað:

- Báðar borðplötur hafi eingöngu verið teknar úr umbúðunum og lagðar lausar ofan á skápana. Eftir standi að festa þær niður, en það sé það sem þessir verkliðir gangi út á. Þessir verkliðir nemi 141.901 kr. skv. tilboði (um 14 tímar)
- Uppsetning á veggpanel sé bara rétt hálfnuð og taka þurfi hana niður vegna breytinga á veggþykkingu og líka vegna þess að verksali hafi ekki farið eftir fyrirmælum verkkaupa um uppsetninguna. Þessir verkliðir nemi 235.997 kr. skv. tilboði (24 tímar)
- Eftir eigi að festa báðar hliðar á eyju. Áætlaður kostnaður sé um 19.388 kr. (2 tímar)
- Eftir eigi að stilla hurðir og skúffur þannig að þær séu í línu og jafnt bil á milli þeirra. Þetta sé talsverð vinna og eitt helst nákvæmnisverkið í þessu verki. Um sé að ræða 18 skúffuframhliðar og 11 skápahurðir og allar þessar hurðir og framhliðar þurfi að stilla þannig að þær séu í línu bæði lárétt og lóðrétt (varlega metið 8 tímar)
- Eftir eigi að setja upp áfellur á 2 stöðum. Þessi verkliður nemi kr. 21.000 kr. skv. tilboði (ca. 2 tímar)

- Samtals um 50 tímar eftir í ókláruðum liðum

Við þetta bætist uppsetning á framangreindum tveimur skápum með tilheyrandi hurðum, gönguhurð á milli skápa ásamt hliðarplötu við veggpanel sem varnaraðili viðurkenni að sé ólokið. Áætlað sé út frá tilboði að það sé um 8 tíma vinna.

Að auki eigi varnaraðili eftir að bæta úr eftirfarandi göllum sem sannanlega séu á verkinu:

- Gallar á veggþykkingu sem komi í veg fyrir að hægt sé að ganga frá veggpanel og hliðarplötu á gólfskáp við veggpanel (áætlað 6 tímar)
- Skökk staðsetning á eyju (áætlað 4 tímar)
- Lagfæring vegna þess að sagað hafi verið fyrir mistök af prófilum við skúffur (áætlað 2 tímar)
- Samtals um 12 tímar eftir í að lagfæra gallað verkþætti

Sóknaraðili kveður því um 70 tíma samtals í vinnu vera eftir í þessu verki þar sem tímafjöldi sé að langstærstum hluta óumdeildur þar sem hann megi lesa úr tilboði verksala. Þá sé fullyrt ranglega í andsvari að seljandi innréttingarinnar hafi komið á verkstað og tekið út stöðuna. Það sé ekki rétt. Hún hafi eingöngu komið einu sinni í upphafi verksins.

Varðandi aukaverkið bendir sóknaraðili á að þrátt fyrir að varnaraðili hafi boðið 200.000 kr. í þetta aukaverk þá sé varnaraðili nú að reikningsfæra 322.204 kr. (efni 98.206 kr., vinnu 204.610 kr., efniskaup 19.388 kr. skv. framlögðum gögnum verksala) og þá eigi eftir að bæta við 86.552 kr. í að laga galla á þessum vegg sem óhjákvæmilega þurfi að gera til að geta komið fyrir hliðarplötu á gólfskáp sem leggist að veggpanel. Heildarkostnaður sóknaraðila sé þá kominn upp í 408.756 kr. fyrir verk sem boðið hafi verið 200.000 kr. í.

Sóknaraðili bendir á að algengt verð fyrir að reisa gifsvegg sem sé klæddur öðru megin sé um 15.000 kr. á fermetrann og fyrir málun og spörtlun um 8.000 kr. á fermetrann, samtals um 23.000 kr. á fermetrann. Fyrir 5,13 fermetra eins og umræddur veggur sé ætti verið að kosta 137.378 kr. og með tveggja tíma vinnu við efniskaup. Reikningsfært efnisverð fyrir málun á um 5 fermetra fleti upp á 42.960 kr. er standist ekki að mati sóknaraðila. Nær lagi væri að þessi kostnaður væri um 7.500 kr. fyrir 5 fermetra flöt.

Varðandi þau aukaverk sem varnaraðili vísi til þá hafi sóknaraðili ekki í neinu tilvikanna verið látinn vita af því varnaraðili liti á þau sem aukaverk né fékk sóknaraðili verð í þau. Varnaraðili hafi ekki staðið undir skyldum sínum hvað varði tilkynningarskyldu og verðlagningu.

Sóknaraðili kveður varnaraðila krefja sig m.a. um greiðslu fyrir tilhæfalaus aukaverk. Í tímaskráningu varnaraðila séu skráðir 8 tímar fyrir „Mælingu“ þann 17.9.2021. Þann dag hafi varnaraðili komið óumbeðinn í fylgd með seljanda innréttingarinnar til að skoða aðstæður. Varnaraðili hafi óumbeðinn eytt 30 mínútum í að setja niður límbönd á gólfið til að marka fyrir útlínum innréttingarinnar. Varnaraðili krefjist nú 78.928 kr. greiðslu fyrir. Þetta 8 klst.

„vinnuframlag“ hafi átt sér stað um 4 mánuðum áður en tilboð hafi verið lagt fram. Þetta hafi ekki verið reikningsfært fyrr en fyrst núna. Varnaraðila hafi borið að geta um það í tilboði ef hann hygðist taka þóknun fyrir þessa vinnu. Þá hafi þetta ekki verið rætt við sóknaraðila.

Þá reikningsfæri varnaraðili að auki 4 klst. vinnu fyrir um 15 mínútna samtal við sóknaraðila þar sem varnaraðili hafi einhliða slitið verksamningi aðila og gengið frá skuldbindingum sínum. Kostnaður fyrir þetta er nemi 39.464 kr.

Kostnaður sem varnaraðili reikningsfæri fyrir þessi tilhæfalausau aukaverk nemi samtals 118.392 kr. m. VSK. Sóknaraðili hafni þessum aukareikningum alfarið.

Sóknaraðili kveður varnaraðila einnig krefjast greiðslu fyrir eftirfarandi verk sem hafi verið innan tilboðs eins og þau væru aukaverk:

- **Veggfestingar:** Um sé að ræða 10 veggfestingar. Hver slík festing festist með 2 skrúfum, einni sem skrúfast í skáp og annarri sem bora þurfi fyrir í múrhúðaðan vegg og setja tappa fyrir. Vel í lagt væri að áætla 5 mínútna vinnu við hverja festingu eða samtals tæplega einnar klukkustundar vinnu fyrir 10 festingar. Miðað við uppgefið tímaverð ætti það að mati sóknaraðila að kosta 8.078 kr. með VSK.
- **Smella fótum á skápa:** Alls séu 17 skápar og 68 fætur. Það taki að mesta mesta lagi eina mínútu að smella hverjum fæti þar sem hvorki þurfi að bora né skrúfa fyrir. Þetta væri því að mati sóknaraðila um 70 mínútna vinna sem ætti að kosta 10.310 kr. með VSK.

Ljóst sé að varnaraðili hafi reikningsfært umtalsverða fjárhæð fyrir þessa verkþætti sem hann líti á sem aukaverk. Í raun taki þessir verkþættir í raun sáralítinn tíma eins og skýrt sé hér að ofan og séu óhjákvæmilegir í uppsetningu innréttingar sem þessarar. Hafi þessir verkþættir ekki innifaldir í uppgefnu tilboði sé eiginlega ekkert í uppsetningu skápanna innifalið skv. varnaraðila annað en að taka úr umbúðunum, stilla upp í línu og festa saman. Allt annað sem einhverja færni þurfi til vilji hann skrá sem aukaverk s.s. að festa skápa við vegg, setja á fætur, festa á hurðir, stilla hurðir og skúffur þannig að þær séu í beinni línu lárétt og lóðrétt, líma á hliðarplötur á eyju, líma niður borðplötur o.s.frv. Af öllu þessu leiði að kostnaður sem varnaraðili reikningsfæri sé á endanum meira en helmingi hærra en samþykkt tilboð hafi kveðið á um.

Sóknaraðili kveður önnur verk sem varnaraðili reikningsfæri hafa orðið til vegna mistaka varnaraðila:

- **Breyta skáp fyrir gönguhurð:** Sóknaraðili kveður varnaraðila tíunda að mikil vinna hafi farið í að breyta skáp fyrir gönguhurð eða 12 tíma vinna sem kosti 118.392 kr. með VSK. Sóknaraðili telur að ekki hefði þurft að breyta þessum skáp ef varnaraðili hefði staðið rétt að þykkingu veggs á bak við þessa gönguhurð og tvo skápa. Hann hafi tekið að sér að útfæra þessa þykkingu til að umræddir skápar fengju nauðsynlegan bakstuðning og engin þörf hefði verið á að saga 12 cm af þessum skáp sem myndaði gönguhurðina hefði hann skoðað teikningu af gönguhurð og skápum sem áttu að festast við þessa veggþykkingu áður en hann hafi hafist handi við veggþykkinguna.

Prívíddarteikning sýni ótvírætt hvernig þetta sé útfært án þess að saga þetta. Rangri útfærslu á þykkingu veggis sem varnaraðili hafi séð um sé alfarið um að kenna. Ýmis önnur mistök hafi verið gerð við þessa veggþykkingu sem bæði hafi takið verkið og eigi eftir að laga.

Þá sé rétt að efast um að það hafi tekið 12 tíma fyrir smíð að saga þrjár 2,6 metra langar MDF plötur eftir endilöngu með vélsög og færa til þrjár festingar sem hver og ein sé fest með 2 skrúfum í MDF plötu. Vel í lagt væri að áætla tveggja klukkustunda vinnu við þessa sögun og flutning festinga. Miðað við uppgefið tímaverð myndi þetta að mati sóknaraðila kosta 19.388 kr. með VSK. Fjárhæðin sem verksali krefjist fyrir þessa vinnu sé um sexfalt hærri en eðlilegt væri, fyrir utan það að eiga ekki rétt á sér sem viðbótarverk að mati sóknaraðila.

- **Saga af leiðurum fyrir veggpanel:** Varnaraðili reikningsfæri sem aukakostnað 18.000 kr. fyrir blað í sög. Ekki hafi komið fram í tilboði að verkfæragjald legðist við aukalega. Þá sé ástæða til að draga þennan kostnað í efa, en enginn reikningur hafi fylgt með. Sóknaraðili hafni þessum kostnaði. Honum hafi ekki verið afhent þetta sagarblað sem hann sé reikningsfærður fyrir.
- **Hefla neðan af hliðarplötum fyrir eyju:** Varnaraðili gefi upp sem aukakostnað að fjárhæð 29.063 kr. fyrir vinnu við að hefla neðan af hliðarplötum fyrir eyju. Sóknaraðili telur vel í lagt að áætla hálf tíma vinnu við þessa heflun. Miðað við uppgefið tímaverð ætti þetta að mati sóknaraðila að kosta 4.847 kr. með VSK. Sóknaraðili hafni þessum aukareikningi þar sem uppsetning á eyju hafi verið innifalin í tilboðinu. Þar að auki hafi verið alveg óþarfi að hefla neðan af þessum plötum. Allar einingar hafi komið í réttum málum frá framleiðenda innréttingarinnar. Aðeins hafi þurft að setja eyjuna upp í rétta hæð með því að stilla með stillanlegum fótum á skápum sem myndi eyjuna.

Sóknaraðili kveður því að samtals séu reikningsfærðar 165.455 kr. m. VSK fyrir verkliði sem rekja megi til mistaka verksala. Raunverulegur kostnaður fyrir þessa verkþætti sé nær 30.000 kr.

Sóknaraðili telur að sum verkin hafi mátt ræða um sem aukaverk en verðlagning þeirra standist ekki:

- **Bora fyrir hillum í veggskáp:** Varnaraðili líti á það að bora fyrir hillum í veggskáp sé aukaverk. Sóknaraðili er ósammála og áætla um 30 mínútna vinnu við að klára þetta í sinni samantekt á stöðu verksins. Þá hafi hann dregið frá kostnað að fjárhæð 4.640 kr. með VSK vegna þessa liðar þegar hann hafi verið að meta ókláraða vinnu. Verði það í öllu falli að teljast lítilsháttar ágreiningsmál í heildarsamhenginu að draga þessa upphæð frá þegar kostnaður við ókláraða verkliði er metinn.

Þá geri sóknaraðili athugasemdir við reikning varnaraðila og framsetningu hans. Tilboðið hafi verið upp á 778.059 kr. með VSK. Samkvæmt samantekt

sóknaraðila sé búið að vinna fyrir 245.471 kr. með VSK fyrir verkþættina í tilboðinu miðað við að vinna við að veggpanel sé ekki tekin með. Sé sú vinna tekin með, sem sóknaraðili hafni þó alfarið, yrði fjárhæðin um 380.000 kr. með VSK. Reikningur varnaraðila fyrir þessa bindandi tilboðspætti eingöngu hljóði hinsvegar upp á 861.919 kr. með VSK þrátt fyrir verkþætti sem hægt sé að sýna á óyggjandi hátt að séu ókláraðir. Mismunurinn skýrist af því að varnaraðili krefjist fullrar greiðslu fyrir verkþætti sem ekki sé byrjað á, hann hafi hækkað marga tilboðsliði umtalsvert og krefjist mun hærri greiðslu en eðlilegt sé fyrir verkþætti sem séu ókláraðir. Þarna séu ýmsir tilboðsliðir hækkaðir umtalsvert án skýringa í stað þess að tilgreina þá sem aukaverk og þá með viðeigandi skýringum og samþykki verkkaupa.

Að auki krefjist varnaraðili 528.471 kr. með VSK fyrir ýmis ósamþykkt aukaverk sem verkkaupi hafni alfarið. Þar sé um að ræða fjölmarga ósamþykkt verkliði sem ótæpilega hafi verið smurt ofan á þannig að verðin séu ekki í neinu samræmi við raunverulegt vinnuframlag.

Þá kveður sóknaraðili varnaraðila ekki hafa upplýst um aukaverk. Hann hafi ekki í neinu tilviki tilkynnt sóknaraðila það sem hann vilji reikningsfæra sem aukaverk heldur hækki einfaldlega tilboðsfjárhæð einhliða. Sóknaraðili hafni þessum aukaverkum sem séu ýmist tilhæfulaus, tilkomin vegna mistaka verksala eða hluti af bindandi tilboði.

Jafnvel þótt aukaverkin væru viðurkennd sé verðlagning þeirra í öllum tilvikum óraunhæf. Varnaraðili hafi ekki átt neitt samráð við sóknaraðila vaðrandi reikningsfærslu þeirra.

Sóknaraðili hafnar því sem varnaraðili lýsi að hann hafi ekki haft trú á hæfni varnaraðila til að vinna verkið. Góð og nákvæm uppsetning á þessari innréttingu hafi verið mjög mikilvæg fyrir sóknaraðila og hefði hann sjálfur rift samningi sínum við varnaraðila ef hann hefði ekki talið hann hæfan í verkið. Sóknaraðili hafi haft eftirlit með verkinu fyrir sína hönd og bent á örfá atriði sem hann hafi viljað láta lagfæra. Þar af sé eitt atriðið sem óhjákvæmilegt sé að lagfæra til að hægt sé að koma hluta innréttingarinnar fyrir (veggpanell). Síðan hafi komið til nokkur önnur atriði þar sem verkið hafi tekið lengri tíma en þurft hefði. Sóknaraðili hafi ekki haft orð á þeim þar sem hann hafi talið augljóst að verksali myndi einfaldlega taka það á sig enda að vinna í föstu tilboði. Á daginn hafi komið þegar varnaraðili hafi birt kröfu sína með andsvari að hann krefji sóknaraðila um allan aukakostað vegna þessa.

Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa sagt sig frá verkinu þar sem sóknaraðili hafi verið ósáttur við að varnaraðili hafi byrjað að setja upp veggpanel í andstöðu við bein fyrir mæli sóknaraðila sem síðan hafi óskað eftir að hann yrði lagaður. Varnaraðili hafi talið sig vera í góðri trú þar sem hann hafi framkvæmt þetta eftir samráð við seljanda innréttingarinnar. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki verið látinn vita. Varnaraðili hafi ekki verið tilbúinn að setjast niður til að ræða þetta mál.

Sóknaraðili telur sig ekki hafa sýnt óþarfa afskiptasemi á meðan á vinnu varnaraðila stóð. Hann hafi bent á augljós mistök við veitingu þjónustunnar og telur

hann að athugasemdirnar hafi bæði forðað tjóni á innréttingunni og minnkað kostnað fyrir báða aðila. Sóknaraðili rekur í athugasemdum sínum nánar þau atriði sem hann telur til mistaka sem hafi komið upp í verkinu sem hafi síðan endað með að varnaraðili krefji verkkaupa um umtalsverðan aukalegan kostnað. Þannig hafi þykking veggs verið röng á tveim stöðum, sagað hafi verið af þrem plötum að óþörfu, sagað hafi verið fyrir mistök af prófílum ofan við skúffur, eldhúseyjan verið skökk sem nemi 1 cm og heflað hafi verið neðan af hliðum á eldhúseyju að óþörfu. Samtals sé aukakostnaðurinn af þessum augljósu mistökum varnaraðila 420.312 kr., þar af hafi sóknaraðili þegar verið krafinn um 240.596 kr. en sitji upp með aukakostnað til viðbótar upp á 179.716 kr. (áætlað) til að bæta úr þeim mistökum sem enn eigi eftir að laga.

Sóknaraðili kveður sérstakt að innlegg seljanda eldhúsinnréttingarinnar fylgi með andsvari verkkaupa þar sem viðskiptum hans við seljandann hafi lokið með kaupunum á innréttingunni. Tilgangurinn með innleggi seljanda innréttingar virðist vera að kasta rýrð á sóknaraðila til stuðnings varnaraðila. Í umsögninni komi fram að seljandi innréttingarinnar virðist telja sig hafa einhvern höfundarrétt á hönnun innréttingarinnar og því hafi hann neitunarvald gagnvart sóknaraðila varðandi ósk hans um útfærslu á uppsetningu veggpanels. Þetta hafi leitt til þess að varnaraðili í samráði við seljanda innréttingarinnar framfylgdi ekki fyrirmælum sóknaraðila um uppsetningu þessa veggpanels og það án þess að upplýsa sóknaraðila um það. Þetta sé staðfest í andsvari varnaraðila þar sem segi í: „Panelinum var breytt í samræmi við ósk verkkaupa að hluta til“.

Sóknaraðili gerir loks alvarlegar athugasemdir við hvernig verksali standi að tilboðsgerð og gerð aukareikninga. Sóknaraðili telur varnaraðila nálgast verkið og tilboðsgerðina með það í huga að leynd ymsum verkþáttum sem óhjákvæmilegt sé að vinna og telji þá síðan fram eftir á sem verkþáttum utan tilboðs með verðlagningu eftir sínu höfði án þess að kynna slíkt fyrir sóknaraðila.

Sóknaraðili kveðst standa, miðað við kröfur varnaraðila sem fram komi í andsvari, frammi fyrir gölluðu og hálfkláruðu verki sem krafist sé næstum tvöfalt hærrí greiðslu fyrir en sem nemi tilboðsfjárhæð fyrir verkið án þess að nokkrar forsendur hafi breyst frá því að tilboðið hafi verið gert.

3.4 Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili tiltekur að sóknaraðili hafi verið að taka myndir á meðan á framkvæmdum hafi staðið frá degi eitt. Varðandi fullyrðingar sóknaraðila um að það eigi eftir að stilla hurðir þannig að þær séu í línu og jafnt bil á milli þeirra vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili geti auðveldlega skekkt hurðir og skúffur, myndir sýni annað. Laser hafi verið notaður í alla verkþætti til að tryggja ítrustu nákvæmni.

Varðandi fullyrðingar sóknaraðila um að það eigi eftir að rétta af eldhúseyjuna um 1 cm svo hún sé í jafnri fjarlægð frá innréttingu vísar varnaraðili til þess að það kunni vel að vera að sóknaraðili hafi ekki farið að fyrirmælum varnaraðila um að ekki mætti koma við einingarnar fyrr en 12 tímum eftir límingu.

Sóknaraðili hafi samt sem áður unnið í eyjunni með því að setja rafmagnskapal fyrir helluborð.

Varnaraðili fellst á að eftir hafi staðið að setja upp framhlið á skáp, setja upp tvo gólfskápa og gönguhurð og að bora fyrir hillum og setja upp. Varnaraðili kveður það sýna fram á sannsögli sína og sanngirni í öllum verkþáttum.

Sóknaraðili vísi til þess að vinna hafi ekki verið hafin við að festa niður borðplötu og að það sé rangt sem varnaraðili vísi til í fyrri athugasemdum að borðplötur og hliðar á eyju hafi verið límdar niður. Sóknaraðili kveði borðplötuna alveg lausa og að varnaraðili hafi einungis tekið hana úr umbúðunum og lagt ofan á skápana. Í tilefni af þessum athugasemdum sóknaraðila spyr varnaraðili hver eigi að greiða fyrir þá vinnu sem sóknaraðili vísi til. Þar að auki vinnu við förgun á rusli utan af borðplötum. Varnaraðili kveður minnstu vinnuna vera að líma plötur eða um 10%. Afrétting, umbúðaförgun, tilfærsla og lagning plötunnar sé um 90% vinnunnar.

Varnaraðili kveður það rangt að sóknaraðili hafi óskað eftir að því áður en uppsetning hafi hafist að veggpanell myndi byrja í 12,5 mm fjarlægð frá gólfi og enda í 12,5 mm fjarlægð frá lofti í stað þess að byrja alveg niður við gólf og enda í 25 mm fjarlægð frá lofti eins og fram kom á teikningu. Það sé enn fremur rangt að sóknaraðili hafi lagt fram rissteikningu til að skýra þetta. Varnaraðili hafi engin gögn fengið önnur en þau sem áður hafi verið send, eins og tekið sé skýrt fram í tilboði verktaka. Tilboðið miðist við teikningar hönnuðar [...].

Varðandi athugasemdir sóknaraðila um að varnaraðili hafi ekki orðið við beiðnum hans um breytingu á panel kveður varnaraðili að sóknaraðili hafi engar aðrar breytingar nefnt á panel. Hann hafi verið settur upp eins og sjáist á myndum og verið þannig í rúma viku. Það hafi ekki verið fyrr en 8. febrúar 2022 sem sóknaraðili hafi orðið ósáttur með að panellinn væri ekki rétt settur upp. Bil frá gólfi og lofti var ekki semitríst. Varnaraðili hafi bent sóknaraðila á teikningarnar sem hafi verið farið eftir í þessu tilfelli. Varnaraðili hafi spurt sama dag hver myndi borga fyrir þessar breytingar á panel og sóknaraðili svarað því til að verkþátturinn væri algjörlega á ábyrgð varnaraðila. Varnaraðili hafi við vinnu sína farið eftir samþykktu tilboði sóknaraðila og teikningum hönnuðar. Ekki bara smekksatriði smiðs, jafnframt hönnuðar. Myndir sýni að veggurinn hafi verið byggður af ítrustu nákvæmni. Sóknaraðili hafi staðfest “veggþykkingu sem liggur alveg við panelinn”.

Varnaraðili vísar til þess að búið hafi verið að setja upp allan panel að undanskildum þrem plötum, ein hafi verið tekin niður vegna breytinga á hillum að beiðni sóknaraðila. Þá kveður varnaraðila hliðar á eldhúseyju hafa verið stilltar af, heflaðar að borðplötu og límdar. Varnaraðili kveðst ekki átta sig á útreikningum sóknaraðila í málinu.

Varðandi útreikninga sóknaraðila fyrir ókláraða liði tilboðsins vísar varnaraðili til þess að tilboðið hafi verið í einingaverðum en ekki tímum. Þá miði tilboðið við fullkláraðar einingar.

Varðandi meinta galla á verkinu þá kveður varnaraðili að engar teikningar liggi fyrir sem sýni að veggur hafi verið rangt settur upp. Þá hafi eldhúseyjan verið sett rétt upp.

Sóknaraðili vísi til þess að myndir sýni óuppsett efni sem að mestu leyti hafi ekki einu sinni verið tekið úr umbúðunum. Þar sjáist líka að nánast allar festingar til að festa saman skápa hafi verið óhreyfðar. Fyrir flest alla þessa verkþætti sé þó búið að reikningsfæra. Varnaraðili bendir á af þessu tilefni að mikið magn sé af auka íhlutum frá framleiðandanum, ekki endilega allt sé notað. Þá sé einnig um að ræða efni sem sé frá varnaraðila sjálfum og sé hans eign.

Varnaraðili bendir á að hönnuður hafi komið á staðinn vegna útfærslu breytinga á panel kerfi [...]. Þær breytingar hafi verið útfærðar í verksmiðju að beiðni verkkaupa. Hönnuður hafi þurft að skera úr um sjónlínu panel við borðplötu. Botnplata á panel hafi verið sniðfelld undir borðplötu eftir úttekt hönnuðar þann 28. janúar 2022. Eiginkona sóknaraðila hafi tekið á móti hönnuði.

Varnaraðili kveður enga sönnun liggja fyrir um að hann hafi boðið 200.000 kr. í aukaverk sem hafi snúið að því að þykkja vegg um 12 cm. Öll tilboð varnaraðila fari í gegnum bókhaldskerfi verktaka. Þá sé veggurinn ekki haldin neinum göllum. Varnaraðili hafi aldrei boðið í þetta verk. Varnaraðili hafi aldrei auglýst að hann væri ódýrastur né sett fram nein verð sem renni stoðum undir rök og útreikninga sóknaraðila. Á Íslandi sé frjáls verðlagning. Það sé handvömm sóknaraðila að spyrja ekki um verð í það viðbótar verk sem hann hafi sannarlega beðið um.

Hvað varða ósamþykkt aukareikninga vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi átt að átta sig á því að viðaukar bætist við það verk sem ekki sé hluti af tilboði. Fram hafi komið skýr fyrirvari í tilboði varnaraðila.

Varðandi athugasemdir sóknaraðila er lúta að tímaskýrslu varnaraðila þá kveður varnaraðila tímaskýrslu ekki vera hluti af tilboðinu og hún sé ekki ágreiningsatriði í máli þessu. Tímaskýrslan sýni skráða tíma á verkið í heild sem í daglegu tali sé kallað verkbókhald og hún sé eingöngu fyrir verktaka til hliðsjónar við útreikninga einingaverða komandi verkefna. Varnaraðili tilgreinir þó til skýringa að 8 klst. sem skráðar hafi verið áður en tilboð hafi verið lagt fram hafi farið í heimsókn á verkstað, samskipti við sóknaraðila hafi staðið í 2 klst. á staðnum og verkfundur með hönnuði hafi staðið í 2 klst. Um sé að ræða tvo starfsmenn og því geri það 8 klst. Varnaraðili ítrekar að ekki sé rukkað eftir tímaskýrslu heldur einingaverðum. Varnaraðili tiltekur að það hafi farið um klukkutími á dagi fyrir tvo menn alla daga í samskipti við sóknaraðila.

Varðandi verk sem sóknaraðili byggir á að hafi orðið til vegna mistaka varnaraðili en hafi verið reikningsfærð sem aukaverk vísar varnaraðili til þess að hann hafi reikningsfært 10 tíma fyrir að breyta skáp fyrir gönguhurð enda sé um að ræða nákvæmnisvinnu þegar CNC plata er skorin út. Ef ekki sé vandað til verka þá muni lok ekki passa á hliðarnar. Athuga þurfi að það felist sparnaður fyrir sóknaraðila í því að ekki sé farið með plötuna á verkstæði með CNC fræsi til breytinga. Það kosti 2 x 7000 kr. fram og til baka fyrir flutninginn, 2 x 9866 kr. fyrir

smið á tímann, CNC fræsir kosti 38.900 kr. og teikning á breytingu fyrir CNC fræsi kosti 27.890 kr. Samtals nemi það 100.522 kr. fyrir utan biðtíma sem sé um 6-8 vikur. Því hafi niðurstaðan orðið að gera þetta á staðnum. Varðandi umfjöllun sóknaraðila um verk er laut að því að saga af leiðurum fyrir veggpanel tiltekur varnaraðili að það hafi ekki verið hluti af tilboði að breyta fullkláruðum einingum frá framleiðanda. Um sé að ræða aukaverk að beiðni sóknaraðila með tilheyrandi kostnaði. Varðandi verk er laut að því að hefла neðan af hliðarplötum fyrir eyju sem sóknaraðili kveði að hafi átt að vera innifalið í tilboðinu vísar varnaraðili til þess að hæð eyju miðist við hæð á innréttingu í heild, þ.e. að allir fletir séu í beinni línu. Hæð eininga ráðist af hæðarpunktum frá gólfi. Vísar varnaraðili til myndar af hallamáli ásamt laser sem hafi verið notaður til að tryggja nákvæmni í þessum verkþætti.

Varðandi verk sem sóknaraðili telji að hafi mátt ræða sem aukaverk og verðlagningu ítrekar varnaraðili að tilboðið hafi miðast við uppsetningu fullkláraðra og samsettra eininga frá framleiðanda.

Varðandi umfjöllun sóknaraðila um reikningfærslu fyrir aukaverk vísar varnaraðili til þess að útreikningar uppgjörð miðist við uppgefin einingaverð út frá tilboði. Gætt hafi verið að uppgefin einingaverð fyrir aukaverk hafi annað hvort verið unnin í tímavinnu eða á lágmarks verðum eininga hjá varnaraðila. Vel megi vera að varnaraðili sé dýrastur í þessum geira en vinna hans sýni augljóslega hvers vegna enda séu gæði með þeim mestu sem þekkist hér á landi.

Varnaraðili kveður skýringar sóknaraðila á því hvers vegna hann hafi sagt sig frá verkinu vera rangar. Ástæður þess hafi verið að sóknaraðili hafi neitað að greiða fyrir þann aukakostnað sem hafi hlotist af því að breyta panel. Ásamt því að sóknaraðili hafi sagt mætingu varnaraðila vera óreglulega. Varnaraðili bendir á að það hafi engin gögn legið fyrir um að panell ætti að fara öðruvísi upp og vísar í teikningar.

Varnaraðili ítrekar varðandi þykkingu á veggnum að útfærslan hafi verið samþykkt af sóknaraðila. Málarar hafi verið vitni að því. Engin gögn liggja fyrir sem sýni að ekki hafi verið staðið rétt að. Varnaraðili vísar til þess að hann hafi aldrei séð þau gögn sem sóknaraðili byggði á að hafi sýnt útfærsluna sem hann hafi viljað.

Varnaraðili kveður aðkomu seljanda innréttingar hafi verið tilkomin vegna aukakostnaðar sem hafi komið til vegna 1,5 cm hliðrun á veggklæðningu. Þá sýni gögn að engin mistök hafi verið gerð miðað við samþykktar teikningar sóknaraðila.

Þá bendir varnaraðili á að framleiðandi setji skilyrði fyrir samsetningu hluta og uppsetningu og sé það gert vegna tryggingaskilmála framleiðanda. Sóknaraðili hafi samþykkt teikningar sem varnaraðili leggi fram. Sóknaraðili hafi keypt vinnu hönnuðar sem teikningar varnaraðila séu frá. Samvinna verktaka og hönnuða sé mikilvæg í framkvæmdum enda tveir fagaðilar að vinna að heildarútkomu fyrir verkkaupa þannig að hún verði sem best. Þá hafi arkitektar lögverndaðan rétt á hönnun sinni sem verktakar þurfi heimild til að víkja frá.

Varnaraðili kveður viðskiptasamband seljanda og sóknaraðila ekki hafa verið lokið fyrr en innrétting væri komin upp samkvæmt kröfum og skilyrðum

framleiðanda, ekki nema sóknaraðili vilji ekki njóta ábyrgð seljanda sem vari í 1 ár. Varnaraðili telur að kæra sóknaraðila ætti frekar að snúa að seljanda innréttingarinnar en að sér. Neytendaréttur eigi ekki við í þessu tilviki þar sem málið snúist um að setja upp efni sem varnaraðili hafi ekki haft nein yferráð yfir.

Varðandi tilboðið varnaraðila í verkið ítrekar hann að einingaverð hafi legið fyrir frá upphafi í tilboðinu. Tilboðið hafi náð eins langt og það gat miðað við þau gögn sem hafi legið fyrir á þeim tíma. Engin verklýsing hafi verið til staðar né magnskrá af hálfu sóknaraðila. Tilboðið hafi miðað við fullsamsettar einingar. Varnaraðili hafi ekki getað gert sér í hugarlund öll þau smáatriði sem hafi nú verið tilgreind af hálfu sóknaraðila. Varnaraðili hafi skilið við verkið nánast lokið. Forsendur við vinnuna hafi breyst talsvert þar sem sóknaraðili hafi dregið verulega úr afköstum á verkstað með aðfinnslum sem hafi ekki átt við nein rök að styðjast. Tilboð varnaraðila hafi verið bindandi af þeim einingaverðum sem í því standi. Magn og annað sé svo mælt til uppgjörs sem leiði af sér eftirstandandi skuld sóknaraðila við varnaraðila.

Varnaraðili bendir á að raunin hafi verið sú að hann hafi engin gögn fengið frá sóknaraðila. Hann hafi þurft að fá þau frá hönnuði. Þannig skapist ójafnvægi þegar sóknaraðili haldi aftur af gögnum og birti þau svo með kvörtun þessari. Sóknaraðili hljóti að geta sýnt fram á að hann hafi afhent varnaraðila þessi gögn.

Varnaraðili kveður aukatíma hafa verið skráða á verkið þar sem sóknaraðili hafi statt og stöðugt verið að ræða ýmsar útfærslur, yfirfara mál og spjalla. Slíkt reiknist sem tafabætur.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við uppsetningu eldhúsinnréttingar í fasteign sem sóknaraðili er eigandi að. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl., sbr. 2. tl. 1. gr. laganna. Vegna tilvísana varnaraðila til ÍST30 er bent á að þjónustukaupalögin eru ófrávíkjanleg og gilda því um ágreininginn.

Sóknaraðili fékk varnaraðila til að setja upp fyrir sig eldhúsinnréttingu. Eldhúsinnréttingin var sérpöntuð frá ítölskum framleiðanda og hafði arkitekt teiknað eldhúsið fyrir sóknaraðila. Varnaraðili hóf vinnu við verkið á grundvelli

tilboðs sem hann hafði gert í verkið og sóknaraðili samþykkt. Tilboðið nam 778.059 kr. með VSK. Sóknaraðili hefur þegar greitt kr. 250.000 kr. inn á verkið. Varnaraðili sagði sig frá verkinu áður en það var klárað og greinir aðila á um nákvæma ástæðu þess. Aðila greinir á um hversu mikið hafi staðið eftir af verkinu þegar varnaraðili rifti samningi aðila og hversu mikið standi eftir af greiðslu til handa varnaraðila. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili standi við einingaverð í tilboði og að verkið verði gert upp miðað við stöðuna þegar varnaraðili hafi rift samningi aðila. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Í 29. gr. þkpl. segir að hafi seljandi þjónustu látið neytanda verðáætlun í té megi verðið ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun. Þá segir í 30. gr. þkpl. að þrátt fyrir að seljandi þjónustu hafi gert tilboð eða verðáætlun beri honum viðbótargreiðsla hafi verð hækkað vegna kringumstæðna sem hann hafi ekki getað séð fyrir. Varnaraðili gerði tilboð í verkið sem sóknaraðili samþykkti. Tilboðið nam kr. 778.059 með VSK fyrir eftirfarandi liði:

- „Yfirskápar ósamsett“
- „Undirskápar ósamsett“
- „Akstur“
- „Uppsetning aðfellulistar“
- „Uppsetning yfirskápar (30 cm dýpt)“
- „Uppsetning borðplötur (dýpt 120)“
- „Uppsetning borðplötur (dýpt 60)“
- „Iðnmeistari“
- „Uppsetning Aritel panill“
- „Uppsetning undirskápar“

Þá var að finna eftirfarandi fyrirvara í tilboðinu: „Tilboð gert eftir teikningu prentað 04.01.22 af [...]. Tilboð reiknast af því að allar einingar séu samsettar frá framleiðanda. Tilboð miðast við IST 30 ásamt vinnu sem er unnin samkvæmt almennum góðum hefðum og venjum. Samsetning hluta bætist við aukalega við tilboð þetta ásamt því að tilboð þetta tekur ekki mið af sérsmiði á verkstað.“

Líta verður til þess að í tilboðinu gætir viss ósamræmis þar sem tiltekið er í fyrirvara að það miðist við að allar einingar séu samsettar en samt sem áður er í verkliðum vísað til „ósamsett“. Varnaraðili verður að bera hallan af þessu misræmi í hans tilboði.

Ágreiningur málsaðila snýr jafnframt að því hvort varnaraðili hafi unnið viðbótarverk umfram þau sem tilboð hans sneri að og þá hvernig beri að verðleggja þau. Líta verður til þess hvort tilteknir verkþættir geti talist viðbótarverk í skilningi 8. gr. þkpl. Ákvæðið mælir fyrir um tilkynningarskyldu seljanda ef vinna þarf viðbótarverk sem eru ekki talin felast í upphaflegu samkomulagi aðila, og er svohljóðandi:

Seljanda þjónustu ber að tilkynna neytanda ef í ljós kemur þegar verk er unnið að eðlilegt sé að vinna önnur verk samtímis vegna tengsla þeirra við aðalverk. Skal seljandi óska eftir fyrirmælum neytanda um viðbótarverk. Náist ekki til neytanda eða seljandi þjónustu fær ekki fyrirmæli frá honum innan sanngjarns frests skal hann vinna viðbótarverkið ef:

1. viðbótarkostnaður vegna þess er óverulegur eða má teljast óverulegur miðað við verð þjónustu sem samið hefur verið um,

2. sérstakar ástæður mæla með því að neytandi vilji láta vinna viðbótarverkið í tengslum við kaup hans á þjónustunni,
 3. ekki er unnt að fresta því vegna hættu sem af því getur stafað.
- Hafi seljandi þjónustu unnið viðbótarverk í samræmi við ákvæði þessara laga ber honum greiðsla fyrir þau verk samkvæmt ákvæðum VII. kafla.

Fullnægi seljandi þjónustu ekki tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. getur hann ekki gert kröfu um fullt verð eða krafist viðbótargreiðslu, sbr. þó ákvæði 7. gr. þkpl. þar sem segir að seljandi geti þó krafist greiðslu vegna vinnu og útlags kostnaðar að svo miklu leyti sem það geti talist sanngjarnt. Miðað við gögn málsins virðast aðilar sammála um að vinna við uppsetningu við vegg teljist til viðbótarverks og ekki hafi verið gert ráð fyrir því verki í tilboði varnaraðila. Ósannað er í málinu að varnaraðili hafi gert munnlegt tilboð í þetta viðbótarverk. Sóknaraðili hefur byggt á því að þetta viðbótarverk sé haldið göllum. Ekki hefur verið sýnt fram á að uppsetning á veggnum sé haldin göllum enda liggur ekki fyrir hvaða fyrirmæli varnaraðili fékk fyrir vinnu verksins eða hvaða gögn lágu fyrir um útfærslu þess. Varnaraðili ber því að fá greitt í samræmi við 7. gr. þkpl. fyrir það verk. Sé ekki samið um verð eða gert verðtilboð, sem ekki hefur sýnt fram á varðandi þetta viðbótarverk, þá ber neytanda að greiða það sem má telja sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er, sbr. 28. gr. þkpl. Ósannað er í málinu að um önnur aukaverk hafi verið að ræða sem varnaraðili eigi rétt á greiðslu fyrir.

Varnaraðili rifti samningi aðila og hætti vinnu við verkið. Aðilar virðast ekki deila um lögmæti riftunarinnar þó þeir séu ósammála um ástæður hennar. Í þessu samhengi er bent á að í 2. mgr. 22. gr. þkpl. segir að komi til riftunar samnings að hluta geti seljandi þjónustu krafist greiðslu fyrir þann hluta verksins sem hafi verið unninn. Greiðsla geti þó aldrei orðið hærri en sem nemi heildarverði þjónustunnar samkvæmt samningi við neytanda að frádregnu almennu verði þeirrar þjónustu sem ólokið sé.

Óumdeilt er í málinu að sóknaraðili hefur þegar greitt kr. 250.000 inná verkið. Þá er einnig óumdeilt að verkið er óklárað. Miðað við upphaflegt tilboð hefði staðið eftir kr. 528.059 greiðsla fyrir fullklárað verk. Varnaraðili gaf í framhaldi af riftuninni út reikning, dags. 6. febrúar 2022, að fjárhæð 1.336.409 kr. með VSK. Þar er gert ráð fyrir að tímagjald vegna dagvinnu sé kr. 9.866. Samkvæmt reikningnum krefst varnaraðili greiðslu úr hendi sóknaraðili vegna eftirfarandi þátta:

”

Dags:	Starfsmaður skýring.	Dv.	Kostnaður
17.9.2021	Mæling	8	78.928
19.1.2022	Uppsetning innréttinga hefst	10	98.660
21.1.2022	Áframhald uppsetning innréttinga	15	147.990
24.1.2022	Efniskaup	2	19.732
25.1.2022	Gifsveggur reistur	14	138.124
26.1.2022	Stytta vegg af beiðni [...], fundur m. [...] v. Panill	13	128.258
27.1.2022	Hliðar hefлаðar eyja, festingar veggskáp, mæling á panill	8	78.928

28.1.2022	Málun á vegg klárast, panil uppsetning hefst	14	138.124
2.2.2022	Efriskápar settir upp og stilltar hurðir (samsetning hurða)	6	59.196
3.2.2022	Minni panill kláraður, stilla háa skápa og hliðarplötu og fest Plata fest, breytingar á litlu efriskápum fyrir dila, breyting 70 cm skáp (búr) í	10	98.660
4.2.2022	57 cm	12	118.392
8.2.2022	Óumbeðinn verkfundur, endaði á [...] sagði sig frá verkinu	4	39.464
		116 Vinna samtals:	1.144.456

Tæki skýring	Magn	Gjald	Kostnaður
Akstur m. rusl og efni til og frá verkstað	5	7.000	35.000
Sorpugjöld	5	1.500	7.500
		Tæki samtals	42.500 kr.

Efni skýring	Magn	Verð ein.	Kostnaður
Lím	2	2.185	4.370
Parabond Constuction	1	1.790	1.790
Festingapakki	1	13.500	13.500
Ál blað í sög	1	18.000	18.000
Grunnur, hraðsparsl, sparsl, horn, borðar	1	42.960	42.960
Gifs, leiðarar, stoðir, skrúfur, spónarplötur	1	55.246	55.246
		Efni samtals:	135.866 kr.

”

Þá leggur varnaraðili enn fremur 10% álag á efni og nemur kostnaður við álagið samkvæmt reikningnum: 1.587 kr.

Málsaðila greinir á hvort hversu mikið hafi staðið eftir af verkinu þegar varnaraðili hafi rift samningi aðila og hversu mikið sé útistandi af greiðslu sóknaraðila til varnaraðila vegna vinnunnar. Við mat á þessu verður að líta til þess hvort og þá hvaða liðir reiknings varnaraðila, dags. 6. febrúar 2022, falla undir upprunalegt tilboð í verkið eða varnaraðili hefði með réttu átt að tiltaka í tilboðinu. Varðandi þá þætti er varnaraðili bundinn við tilboðið. Þannig mátti varnaraðili t.d. gera ráð fyrir í tilboði þeim kostnaði sem hann tilgreinir undir „Tæki skýring“ í

reikningi. Varðandi vinnuliði reikningsins verður einungis fallist á að varnaraðila sé heimilt að gjaldfæra að fullu fyrir þá vinnu sem laut að gerð veggs fyrir sóknaraðila. Enda gat varnaraðili gert ráð fyrir öðrum liðum reikningsins í tilboði. Þá er ekki fallist á að varnaraðili geti krafist sóknaraðila um greiðslu fyrir 4 tíma vinnu vegna verkfundur þar sem hann rifti samningi aðila. Varðandi efnisliði verður eingöngu fallist á að varnaraðila hafi verið heimilt að krefjast greiðslu vegna þeirra liða er varða uppsetningu veggsins sem sannarlega telst aukaverk eins og áður greinir. Varnaraðili hefur ekki sérstaklega rökstutt hvern lið efniskostnaðarins en gera má ráð fyrir að liðurinn „gifs, leiðarar, stoðir, skrúfur, spónarplotur“ sé vegna veggsins. Varnaraðili verður að bera hallann af því að ekki liggi fyrir að öðru leyti hvaða hluti efniskostnaðar tilheyri viðbótarverkinu. Þannig tilheyra eftirfarandi liðir að öllu leyti eða að hluta sannanlega viðbótarverkinu:

Vinna:

25.1.2022	Gifsveggur reistur	14	138.124
26.1.2022	Stytta vegg af beiðni [...], fundur m. [...] v. Panill	13	128.258

Efni:

Gifs, leiðarar, stoðir, skrúfur, spónarplötur	1	55.246	55.246
---	---	--------	--------

Telst ofangreindur kostnaður vegna vinnu við uppsetningu veggjarins sanngjarn í skilningi 7. gr. þkpl., sbr. 28. gr., í samræmi við reikning. Samtals kr. 321.628 án VSK, þ.e. kr. 398.819 með VSK. Eftir standa þá kr. 755.998 án VSK af reikningi varnaraðila. Sóknaraðili hefur að mati nefndarinnar ekki sýnt fram á að verkið sé haldið galla og ber honum því að greiða varnaraðila kr. 398.819 vegna aukaverksins.

Varðandi upphaflega tilboðsverkið verður miðað við upprunalegt tilboð varnaraðila eins og fram hefur komið. Þar sem varnaraðili gekk frá verkinu verður hann að bera hallann af sönnun fyrir því hvar verkið var statt við riftun hans. Sóknaraðili hefur lagt fram útreikninga ásamt myndum til sönnunar um stöðu verksins og verður niðurstaða byggð á þeim. Nefndin fellst þó ekki á að uppsetning panels hafi verið haldin galla enda hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að hann hafi gefið fyrirmæli um aðra uppsetningu en varnaraðili hafi framkvæmt. Þar af leiðandi verður gengið út frá að varnaraðili hafi verið hálfnaður með þann vinnulið ólíkt því sem sóknaraðili miðar við. Að teknu tilliti til þessa telur nefndin að miðað við upprunalegt tilboð varnaraðila hafi verið búið að vinna vinnu að andvirði kr. 293.490. Sóknaraðili var þegar búinn að greiða kr. 250.000 af því. Eftirstöðvar nema því kr. 43.490.

V Úrskurðarorð

Viðurkennt er að varnaraðila, Y, hafi verið heimilt að krefja sóknaraðila, X, um greiðslu að fjárhæð kr. 442.309 vegna eftirstöðva greiðslna til handa varnaraðila. Að öðru leyti er kröfum sóknaraðila hafnað.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson